


Upplýsingar fyrir notendur varðandi „Legal approval“-forrit

Vegna nýrrar löggjafar (GDPR) hefur CAB þróað þjónustu sem heldur utan um samþykkt samnings fyrir vinnsluaðila persónuupplýsinga þar sem kveðið er á um vinnslu persónuupplýsinga. Þegar þú skráir þig inn sem kerfisstjóri fyrir þjónustu/forrit frá CAB opnast svargluggi (sjá mynd 1).



Mynd 1. Fyrsta skref áður en samningur fyrir vinnsluaðila persónuupplýsinga er samþykktur.


Hér sérðu notandanafn þitt og hjá hvaða fyrirtæki þú ert skráð(ur) inn. Til þess að geta samþykkt samning fyrir vinnsluaðila persónuupplýsinga verður þú að hafa heimild til þess að gera slíkan samning.

Fyrirtækið þitt stjórnar því hverjir hafa heimild til að gera samninga.

Ef þú hefur ekki heimild til að gera samninga getur þú smelt á tengilinn „ganga frá síðar/handle later“ til þess að halda áfram í innskráningu í þjónustunni/forritinu hverju sinni. Þannig hefur þú tíma til þess að gera viðkomandi kerfisstjóra viðvart um að samþykkja þurfi samninginn.

ATHUGAÐU! Aðeins er hægt að velja „ganga frá síðar/handle later“ fyrir **15. júní**. Frá og með þeim degi þarf samþykki að vera fyrir hendi til þess að notendur hjá fyrirtækinu geti skráð sig inn og notað þjónustuna/forritið.

Ef þú hefur heimild til að gera samninga skaltu haka í reitinn fyrir samþykki. Þá verður hnappurinn til að samþykkja samning í boði eins og sýnt er á mynd 2.



Mynd 2. Í skrefi tvö er hægt að samþykkja samning fyrir vinnsluaðila persónuupplýsinga.

Þegar þú hefur samþykkt samninginn geta notendur hjá fyrirtækinu þínu skráð sig inn og notað þjónustu og forrit CAB með venjulegum hætti.

ATHUGAÐU! Samþykkja verður samninginn fyrir vinnsluaðila persónuupplýsinga fyrir **15. júní**. Frá og með þeim degi munu notendur hjá fyrirtækinu ekki geta skráð sig inn og notað þjónustuna/forritið ef samningurinn hefur ekki verið samþykktur.